



Fjölbrautaskóli Suðurlands
HAUSTönn 2019

FRAN1AA05

Kennarar:	Hrefna Clausen	St.312	HC
------------------	-----------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í þessum byrjunaráfanga í frönsku er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins í gegnum tal, hlustun, lesskilning og ritun. Áhersla er lögð á uppbyggingu orðaforða, þjálfun grunnatriða franskrar málfræði og framburð talaðs mál. Til að þjálfa þessi atriði verða eftirfarandi efnisþættir hafðir að leiðarljósi: Kynning á sjálfum sér og öðrum, kveðjur, helstu samskiptavenjur, líkaminn og persónueinkenni, daglegar athafnir, skoðanir og smekkur (að líka við eitthvað eða ekki), aldur, búseta, áhugamál, starf, þjóðerni, landaheiti, tungumál, tölur, vikudagar, mánuðir og árstíðir. Samhliða kennslu í tungumálinu verður leitast við að gefa nemendum innsýn í menningu og landafræði La Francophonie þ.e. samfélög frönskumælandi landa. **Undanfari: Enginn**

Markmið áfangans : Í **FRAN1AA05** er stefnt að því að nemendur

Hlustun :

- geti skilið einföld fyrirmæli kennarans á frönsku og brugðist við þeim
- geti skilið talað mál með einföldum orðaforða

Lestur :

- geti lesið sér til skilnings stutta texta með einföldum orðaforða um þekkt efni
- geti áttað sig á meginefni í lengri texta

Tal :

- geti náð þokkalegu valdi á frönskum framburði, áherslum málsins og hrynjandi
- geti kynnt sig og aðra með nafni og spurt þess sama
- geti spurt og svarað atriðum er varða aldur, búsetu og áhugamál
- geti spurt og brugðist við einföldum, algengum spurningum um þekkt efni

Ritun :

- geti unnið með orðaforða áfangans á sjálfstæðan hátt
- geti skrifað einfaldan, samfelldan texta um sjálfan sig, búsetu og viðfangsefni sín.

Kennsluefni og námsgögn: *Alter Ego + A1* lesbók. Höfundar Annie Berthet, Emmanuelle Daill og fl. Útgefandi Hachette. Stefnt er að því að ljúka Dossier 3

- Nemendur skulu útvega sér **STRAX** í upphafi annar :
 - **Plastmöppu með milliblöðum / Dossier** fyrir allt efni frá kennara auk eigin verkefna, æfinga, prófa, glósa og gagna sem þeir telja gagnast sér við frönskunámið.
 - **Leiðarabók / Journal de bord**. Stílabók þar sem nemandi skráir t.d. glósur, verkefni, málfræðireglur, hugleiðingar og annað efni sem hann kys að halda til haga í frönskunáminu.
 - **Orðabækur**, á pappír eða rafrænar, t.d.:
 - www.snara.is Frönsk-ísl orðabók með góðum dæmum. Frjáls aðgangur á franska svæðið innan sem utan FSu. Ísl-frönsk orðabók er í vinnslu og væntanleg fljótlega. Þangað til er nemendum bent á
 - www.wordreference.com/fr og <https://translate.google.is/>
- **Franskir kennsluvefir á neti með gagnvirkum orðaforða- málfræði- og framburðaræfingum fyrir nemendur í frönsku á öllum stigum námsins**
 - <http://leconjugueur.lefigaro.fr/> Mjög gagnleg síða með beygingum franskra sagna
 - <http://apprendre.tv5monde.com/fr/niveaux/a1-debutant>
 - <http://www.languageguide.org/fran%C3%A7ais/vocabulaire>
 - <https://www.francaisavec pierre.com>
Kennsluvefir með ýmsum gagnvirkum æfingum, textum, málfræðireglum og myndefni
 - www.quizlet.com - Kennsluvefur, nemendur skrá sig á svæðið Fran1AA05
 - www.duolingo.com - Kennsluvefur, nemendur skrá sig á svæðið Fran1AA h19

Athugið vel eftirfarandi reglur áfangans:

- Nemendur **bera sjálfir ábyrgð** á náminu. Því er nauðsynlegt að skipuleggja vel tíma sinn, mæta í kennslustundir, fylgjast vel með því sem kennari setur á INNU og sinna náminu jafnt og þétt yfir önnina. Auðvelt er að dragast afturúr með slugsí og lélegum mætingum.
- Geti nemandi ekki tekið próf eða lokið verkefni á þeim tíma sem það er lagt fyrir, **skal hann sjálfur** hafa frumkvæði að því að ljúka því á öðrum tíma. Annars verður gefin einkunnin 0.
- Þeir nemendur sem eru einhverra hluta vegna undanþegnir skólasóknarreglum skulu **fylgjast vel með allri vinnu áfangans** m.a. á INNU og í lokuðum hópi á FB =Franska í FSu h19
- **Einkunnin 0** er gefin fyrir vanskil og eða fjarveru frá verkefnum/prófum hafi engin viðhlítandi skýring borist þar að lútandi.
- Notkun snjalltækja í kennslustundum er **takmörkuð og háð reglum** sem kennari setur. Ítrekuð notkun slíkra tækja í kennslustundum án leyfis, getur orsakað fjarvist úr tíma.

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ NÁMSEFNIS OG KENNSLU Á ÖNNINNI

Kennari mun mikið styðjast við **leiðsagnarmat** í áfanganum. Leiðsagnarmat hjálpar nemendum við að tileinka sér námsefnið jafnt og þétt og þeir eru hvattir áfram með reglulegri endurgjöf í formi munnlegra og skriflegra umsagna sem ætlað er að bæta námstækni, árangur og ánægju í náminu.

Ath.: Nemendur sem sýna góða ástundun, vinnusemi og framfarir í náminu og fá **9** í annareinkunn, öðlast með því rétt til að **sleppa við skriflegt lokapróf í lok annar**.

NÁMSMAT

Annareinkunn *Verkefni og próf, ástundun, virkni, vinnubrögð, leiðarbók, mappa, netnám* **30%**

Skriflegt, munnlegt og hlustunar lokapróf í lok annar **70%**

LOKAEINKUNN **100%**

Með fyrirvara um breytingar og von um farsælt samstarf á önninni,

FSu, ágúst 2019, Hrefna Clausen.